

Um óháða rannsókn á plastbarkamálínú



Jón Atli
Benediktsson
rektor Háskóla
Íslands



Páll Matthíasson
forstjóri Land-
spítala

Í Svíþjóð, þar á meðal löggreglurannsókn. Landspítali og Háskóli Íslands studdu rannsóknir þessar frá upphafi og lögðu til þeirra öll þau gögn sem óskað var eftir.

Viðamestu rannsóknunum er nú lokið í Svíþjóð. Þær voru gerðar af sjálfstæðum ytri rannsóknarnefndum, skipuðum af KI annars vegar og KS hins vegar. Niðurstöðurnar fólu í sér alvarlegan áfellisdóm á vinnulag innan stofnananna.

Háskólinn og Landspítalinn sinna lögðboðnu eftirliti

Þessar rannsóknir hafa eðli mál samkvæmt sérstaklega beinst að klínískum og vísindalegum ferlum í Svíþjóð. Jafnvel þó að fram hafi komið af hálfu sænsku rannsóknarörlannum að aðeins takmarkaður hluti málssins tengist íslenskum stofnunum, er það sameiginleg afstaða okkar að brýnt sé að rannsaka sérstaklega þá þætti málssins sem snúa að Háskóla Íslands og Landspítala. Jafnframt er það ábyrgðarhlutverk okkar að hlutast til um slika rannsókn vegna skyldna til innra eftirlits sem á forstöðumönnun Háskóla Íslands og Landspítala hvila samkvæmt lögum um opinbera háskóla og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Hér er þó rétt að áréttu að gæðaeftirlit með heilbrigðisþjónustu eru tvíþætt og ytra eftirlit er í höndum Embættis landlæknis (á grundvelli VI. kafla laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 41/2007 um landlæknir og lýðheilsu). Þá fer heilbrigðisráðherra einnig með eftirlit með Landspítala (og mennta- og menn-



Af hálfu Háskóla Íslands og Landspítala er lögð áhersla að rannsóknarnefndin er skipuð óháðum sérfræðingum sem hafa fullt sjálfræði um rannsóknina.

ingarmálaráðherra með eftirlit með Háskóla Íslands) í skjóli yfirstjórnunarheimilda samkvæmt stjórnarskrá og 14. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Loks getur Alþingi sett sérstak rannsóknarnefnd á fót til að rannsaka málid. Slikar rannsóknir, ef út í slikt er farið, afléttu þó ekki skyldum af Landspítala og Háskóla Íslands að sinna lögðboðnu innra eftirliti. Á sama hátt útilokar rannsókn óháðrar rannsóknarnefndar Landspítala og Háskóla Íslands heldur ekki mögulega rannsókn framangreindra aðila á málinu.

Landspítali og Háskóla Íslands hafa valið sambærilega leið og stofnanirnar í Svíþjóð. Haustið 2016 var skipuð sjálfstæð ytri rannsóknarnefnd til að fjalla um þá þætti málssins sem snúa að Háskóla Íslands og Landspítala. Rannsóknarnefndina skipa Páll Hreinsson, dómarí við EFTA-dómstólinn í Luxemborg, María Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum við réttargeðdeildina í Dikemark í Noregi, og Georg Bjarnason, krabba-meinslæknir og vísindamaður við Sunnybrook-stofnunina í Toronto



í Kanada. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að veita álit sitt á því hvort ákvárdanir íslenskra heilbrigðisstarfsmanna í tengslum við plastbarka-ígræðsluna hafi verið í samræmi við lög, reglur og verkferla og uppfylli þær gæðakröfur sem gerðar eru til sérhæförar heilbrigðisþjónustu samkvæmt íslenskum lögum. Einnig er hlutverk nefndarinnar að rannsaka lagalegan og siðferðilegan grundvöll fyrir þátttöku íslenskra lækna í birtingu vísindagreinum um efnið auk málþings um málid sem halddi var ári eftir að fyrstu aðgerðinni lauk. Þá skal nefndin rýna niðurstöður sánsku rannsóknanna sérstaklega með tiliti til aðkomu íslenskra stofnana og/eða starfsmanna þeirra að málinu og ræða við skýrsluhöfunda.

Rannsóknarnefnd skipuð óháðum sérfræðingum
Af hálfu Háskóla Íslands og Land-

spítala er lögð áhersla að rannsóknarnefndin er skipuð óháðum sérfræðingum sem hafa fullt sjálfræði um rannsóknina. Er þetta tilgreint sérstaklega í skipunarbréfi nefndarmanna, þar sem áréttar er að þeir lúti ekki stjórnunar-eða boðvaldi rektors Háskóla Íslands eða forstjóra Landspítala í störfum sinum. Nefndinni hefur verið tryggður nauðsynlegur aðgangur að gögnum málssins með sérstóku leyfi Persónuverndar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir lok mái nk. og verða niðurstöðurnar birtar eftir því sem lög og skilyrði Persónuverndar heimila. Aðgerðir stofnananna í framhaldi af skýrslunni munu fara eftir því sem niðurstöðurnar gefa tilefni til.

Undirritaðir binda vonir við að vönduð rannsókn málssins, hér á landi og í Svíþjóð, varpi ljósi á málid í heild sinni þannig að draga megi að því sem bestan lærðom.